

Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitunni, skal hann bæta það eftir mati þar til kvaddra manna. Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hriseyjarkrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Hriseyjarkaupþúns nr. 88 18. júní 1942 með síðari breytingu nr. 170 2. ágúst 1950.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar,
nr. 183 12. desember 1958.

1. gr.

8. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir hvert íbúðarhús, sem fær vatn frá vatnsveitu bæjarins, skal greiða tengigjald kr. 1000.00 fyrir einbýlishús, kr. 400.00 fyrir aðra íbúð í húsi og kr. 200.00 fyrir hverja íbúð úr því.

Fyrir útihús, tilheyrandi íbúðarhúsi, svo sem gripahús, gróðurhús, smáverkstæði o. s. frv., sem vatnslögn er lögð í frá einni og sömu heimtaug, greiðist eigi sérstaklega.

Fyrir hús, önnur en íbúðarhús, sem sérstök heimtaug er lögð til, skal greiða tengigjald kr. 1000.00 til 2000.00 eftir mati bæjarráðs að fenginni umsögn vatnsveitunefndar.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

2. gr.

Fyrsta málsgr. 10. greinar orðist svo:

Af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlega vatnsskatt til vatnsveitunnar 1.5% af fasteignamatsverði, en þó er lágmarksupphæð skattsins kr. 375.00 af hverri íbúð.

Greinin óbreytt að öðru leyti.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.